


✉ Re: Umsagnar leitað við skipulags- og matslýsingu

Búið til	21.3.2022 18:01:04
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	21.3.2022 18:01:02
Tilheyrir	 202202-0036 - Breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 - Nýtt efnistökusvæði við suðurenda Mývatns

Efni

Re: Umsagnar leitað við skipulags- og matslýsingu

Upplýsingar

Sent	21.3.2022 18:01:02	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	atli@skutustadahreppur.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202202-0036 (LA).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, dags. 25. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2030.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagstillöguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Mývatn er ein af náttúruperlum landsins og um svæðið Mývatn og Laxá gildi sérstök lög um verndun þess (<https://www.althingi.is/altext/stjt/2004.097.html> (<https://www.althingi.is/altext/stjt/2004.097.html>)). Þá er svæðið Mývatn og Laxá á yfirlitsskrá heimsminja um fyrirhugaðar tilnefningar Íslands á heimsminjaskrá UNESCO (https://heimsminjar.is/index.php?option=com_content&view=article&id=22&Itemid=51) (https://heimsminjar.is/index.php?option=com_content&view=article&id=22&Itemid=51)).

Fyrirhugað efnistökusvæði liggur rétt utan við mörk friðlýsta svæðisins, en er innan grannsvæðis vatnsverndar. Fyrirhugað efnistökusvæði er í nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum.

Efnistökusvæðið er skilgreint sem athafnasvæði auðkennt sem 373-A, 8,7 ha að stærð. Fyrirhugað er að stækka athafnasvæðið enn frekar með 4,4 ha svæði sem skarast að hluta til við núverandi svæði. Ráðgert er að vinna um 120.000 m³ af muldu hrauni úr námunni.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að forðast eigi að fara í efnistöku í svo mikilli nálægð við verndarsvæði Mývatns og innan vatnsverndarsvæðis. Þá réttlætir rask á yfirborði hraunsins ekki frekari efnisvinnslu. Fram kemur í matslýsingu að vegna efnisskorts til mannvirkjagerðar er talið ákjósanlegt að stækka efnistökusvæðið. Hér er of mikið í húfi að mati Náttúrufræðistofnunar t.d. ef mengunarslys verður innan svæðisins þar sem grunnt er á grunnvatnið og hraunin lek. Náttúrufræðistofnun mælist til þess að frekar verði leitað að heppilegu efnistökusvæði utan vatnsverndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Atli Steinn Sveinbjörnsson" <atli@skutustadahreppur.is>
To: "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "Birna Björk Árnadóttir" <Birna.Arnadottir@skipulag.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Axel Benediktsson" <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "Fjöregg Mývatn" <fjoregg@gmail.com>; "Sigprúður Stella Jóhannsdóttir" <sigthrudurstella@gmail.com>; "Minjastofnun Íslands" <postur@minjastofnun.is>; "Sædís Gunnarsdóttir" <saedis@minjastofnun.is>; "Árni Einarsson" <arnie@hi.is>; "Land.is - LAND" <land-land@land.is>; "Jóhannes Haukur Hauksson" <johannes.haukur@hne.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Norðurþing" <nordurthing@nordurthing.is>; "thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is" <thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is>; "Múlathing" <mulathing@mulathing.is>; "afgreidsla@hornafjordur.is" <afgreidsla@hornafjordur.is>
CC:
Subject: Umsagnar leitað við skipulags- og matslýsingu
Date: 25.2.2022 09:50:10

Góðan dag,

Skútustaðahreppur óskar eftir umsögnum við skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin er unnin sökum þess að brýn þörf er á nýju efnistökusvæði við suðurenda Mývatns.

Umsagnarfrestur við skipulags- og matslýsinguna er gefinn til og með mánudagsins 21. mars 2022.

Bestu kveðjur

Atli Steinn Sveinbjörnsson

Skipulagsfulltrúi

Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit

Sími/Tel. (+354) 464 6664

atli@skutustadahreppur.is (<mailto:atli@skutustadahreppur.is>)

www.skutustadahreppur.is (<http://www.skutustadahreppur.is/>)

Meðferð tölvupósts - Disclaimer (<http://www.skutustadahreppur.is/v/19465>)

Viðhengi

image001.png (5 KB)